

Alþingi
Erindi nr. P 136/210
komudagur 25.11.2006

Svar við frumvarpi vegna lagabreytingu.

Um breytingar á lögum nr. 57, 3. Júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, sem lagt verður til Alþingis á 136 löggjafarþingi 2008-2009.

SFÚ óskar eftir að allur afli sem veiddur er í íslenskri lögsögu verði seldur á íslenskum fiskmarkaði. Erlendir fiskkaupendur hafa aðgang að þeim markaði eins og íslenskir fiskkaupendur.

Öll viðskipti við fiskmarkaði fara fram í gegn um internetið. Varðandi framkvæmd, vigtun og aðra útfærslu geta fiskmarkaðir annast.

Fiskframleiðendur innan SFÚ telja eðlilegast að allur fiskur verði seldur og vigtaður á Íslandi, að öðrum kosti verði beitt 10% álagi á þann fisk sem ekki er vigtaður og seldur í gegn um viðurkenndan fiskmarkað. Álagið er til þess að mæta rýrnun sem verður frá löndun að vigtun í erlendri höfn. Eftir að 10% álagi var afnumið hefur orðið stórfelld aukning á óunnum fiski úr landi, þetta hefur Fiskistofa staðfest. Það hlýtur að vera eðlileg krafa hjá íslenskum fiskframleiðendum að fiskur sem veiddur er á Íslandsmiðum, sé til boða fyrir íslenskar fiskvinnslur og þær hafi möguleika á að bjóða í þann fisk.

Nú þegar er komin góð reynsla á íslenska fiskmarkaði og hafa þeir starfað í meira en 20 ár. Til að annast þessi viðskipti bæði í fjarskiptum og á gólfi. Öll stærstu sjávarútvegsfyrirtæki landsins eiga viðskipti við fiskmarkaði. Teljum við í SFÚ eðlilegt að fiskmarkaðir setji lágmarksverð en ekki útgerðaraðilar. Útgerðaraðilar geta keypt þennan fisk ef þeir eru ekki sáttir við verðið sem hann er seldur á. Það geta þeir hins vegar ekki gert þegar fiskurinn er komin á erlenda grund. Með því að tryggja öllum sem uppfylla ábyrgðir fiskmarkaðanna þá sitja allir fiskkaupendur við sama borð og þeim mestu samkeppnishömlun sem verið hefur á þessum markaði eytt.

Reykjavík 22. Nóvember 2008

Stjórn SFÚ

Jón Steinn Elíasson formaður

Fiskislóð 65, 101 Reykjavík